



Skógarganga: Heyra, sjá og finna

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að kynna nemendum nágrenni sitt og gefa þeim færi á að efla náttúrulæsi og skilning á náttúrunni. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Íslenska, náttúrufræði, íþróttir og upplýsingatækni.

Aldur: Yngsta stig.



VERKLÝSING

Farið í gönguferð með hópinn þar sem sérstaklega er unnið með skilningarvitin. Hvað heyrum við, sjáum og finnum á leiðinni?

Teknar myndir af nemendum í skóginum og á göngunni.

Þegar heim er komið er unnið með myndirnar, þær annað hvort prentaðar út eða unnið með þær í tölvu eftir því sem við á.

Nemendur semja setningar við myndirnar og útbúa sögu úr gönguferðinni. Einnig er hægt að vinna ljóð eða frásögn út frá reynslunni. Gaman er að láta nemendur vinna verkefnið „Að kynnast tré“ í tengslum við vinnuna.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Myndavél, sjónauki og hlýr fatnaður.

Auðvelt að yfirfæra á eldri nemendur og þá jafnvel í tengslum við tungumál eða aðrar greinar.